

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafveitu Gerðahreps, nr. 33 7. febrúar 1968.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu hækka um 10%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967.

Atvinnumálaráðuneytið, 2. apríl 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 97.

2. apríl 1969.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Jóhannes Kjartansson og Marenu Ellertsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. apríl 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Jóhannes Kjartansson og Marenu Ellertsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Jóhannes Kjartansson og Marenu Ellertsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um fóstursystkinin frá Hruna, sem hann er við kenndur, þau Jóhannes Kjartansson, verkfr., f. 1900, d. 1928, og Marenu Ellertsdóttur, f. 1909, d. 1927, og eru tildrög að stofnun hans þessi:

Árið 1928 lagði séra Kjartan Helgason í Hruna inn í sparissjóð kr. 369,00 og nefndi „Minningarsjóð um Jóhannes Kjartansson og Marenu Ellertsdóttur“. Þessi upphæð var gjöf frá sóknarbörnum séra Kjartans til hans og konu hans, Sigríðar Jóhannesdóttur, gefin í sambandi við fráfall sonar þeirra og fósturdóttur. Eftir lát þeirra hjóna, Kjartans 1931 og Sigríðar 1947, hefur þessi sjóður verið í vörzlu Helga sonar þeirra í Hvammi, ávaxtast í sparissjóðnum og tekið við nokkrum gjöfum.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 12 118.08.

4. gr.

Sjóðurinn tekur gjarna við gjöfum og áheitum, og skal leggja þær fjárhæðir við höfuðstól hans, nema gefandi ákveði annað.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í tryggum opinberum sjóðum eða á annan öruggan hátt.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. $\frac{4}{5}$ — fjórir fimmtu — hlutum ársvaxta skal verja til verðlauna samkvæmt 7. gr. þessarar skipulagsskrár, en $\frac{1}{5}$ — einn fimmta — leggja við höfuðstólinn.

7. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita nemendum í Unglingaskólanum á Flúðum í Hrunamannahreppi verðlaun fyrir **sérstaka háttprýði í skólanum.**

Verðlaunin skulu að jafnaði vera góð íslensk bók, en þó getur stjórn sjóðsins ákveðið annars konar verðlaun, ef betur þykir við auga. Á verðlaunagripinn skal rita nafn þess, sem þiggur, tilefni veitingarinnar og ártal. Verðlaunin skulu veitt í lok skólaárs einum nemanda eða fleirum, sem þá ljúka skyldunámi og hafa að dómi sjóðsstjórnarinnar komið fram með sérstakri háttprýði það ár eða lengur. Ef sjóðsstjórnin telur engan nemanda hafa unnið til verðlaunanna, fellur veiting þeirra niður það ár.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn:

1. Skólastjóri Unglingaskólans á Flúðum.
2. Sá fastráðinn kennari skólans, sem þar hefur starfað lengst samfleytt og starfar enn. Ef tveir eða fleiri hafa starfað jafnlengi, skipar skólanefnd mann í stjórnina úr þeirra hópi.
3. Ráðskona heimavistar (ráðsmaður, ef svo ber undir).

Ef svo stendur á, að enginn gegnir stöðu fastráðsins kennara eða ráðskonu, skipar skólanefnd þann eða þá, sem á vantar, að sjálfskipað sé í stjórnina. Skulu þeir valdir úr hópi kennara eða annarra, sem hafa náð samstarf við nemendur skólans.

Skólastjóri skal vera formaður stjórnarinnar. Að öðru leyti skiptir hún sjálf með sér verkum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, verðlaunaveitingar og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Stjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa inn í hana ársreikninga sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu endurskoðaðir með reikningum Hrunamannahrepps.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 15. marz 1969.

Unnur Kjartansdóttir. Elín Kjartansdóttir. Helgi Kjartansson.

Guðmundur Kjartansson.